# SAMRÁÐSFUNDUR ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Menningarhúsinu á Hellu - 17. maí 2017 kl. 12:30-15:00

**Dagskrá**

1. **Ársyfirlit 2016** – *Nanna/Ágúst.*
2. **Oddi bs** – *Torfi/Sigurjón/Sigurgeir/Auður Erla/Sigrún.*
3. **Húsakynni bs** – *Ingvar Pétur/Heimir.*
4. **Vatnsveita bs** – *Torfi/Guðni*
5. **Lundur hjúkrunarheimili** – *Drífa/Margrét Ýrr.*
6. **Þjónustusamningar/Ársreikningar** – *Ágúst/Klara/Þórhallur*
7. **Almennar umræður.**

## Ársyfirlit

Árið 2016 er fyrsta heila rekstrarárið eftir gagngera endurskoðun á öllum samstarfsverkefnum sveitarfélaganna. Tekin var saman sérstök skýrsla um þessa endurskoðun sem finna má á heimasíðum sveitarfélaganna en er einnig vistuð með fundargerð samráðsnefndar frá 1. desember 2015. Heildarsamkomulag sveitarfélaganna er útfært í s.k. rammasamkomulagi þar sem samstarfið er skilgreint og var rammasamkomulag þetta ásamt með öðrum samningum og samþykktum staðfest og undirritað af sveitarstjórnum beggja sveitarfélaga á sameiginlegum fundi þann 15. desember 2015. Þessi vinna var afrakstur viðamikilla greininga og funda í samráðsnefnd sveitarfélaganna og sérstakri viðræðunefnd sem skipuð var og starfaði allt árið 2015. Samráðsnefnd sveitarfélaganna samanstendur af fullskipuðum sveitarstjórnum Rangárþings ytra og Ásahrepps. Nefndin hittist á einum fundi árið 2016.

## Verkefnin

Samstarfsverkefni Rangárþings ytra og Ásahrepps voru á árinu 2016 rekin með nýju sniði að mörgu leyti eftir hina gagngeru endurskoðun sem áður hefur verið greint frá. Stærsta breytingin er tilkoma **Odda bs.** sem heldur utan um rekstur allra grunn- og leikskóla sveitarfélaganna. Samhliða þessari breytingu var lögð niður Menningarmiðstöðin á Laugalandi, Eignasjóður Laugalands og Leiguíbúðir á Laugalandi og þessi starfsemi flokkuð undir Odda bs., Húsakynni bs. og sérstakan þjónustusamning milli sveitarfélaganna. Einnig voru starfrækt byggðasamlögin **Húsakynni bs.**, byggðasamlag um sameiginlegar fasteignir sveitarfélaganna, og **Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.**, byggðasamlag um eignir og rekstur sameiginlegrar vatnsveitu sveitarfélaganna. Þá voru í gildi á árinu eftirtaldir þjónustusamningar: **Þjónustusamningur milli Rangárþings ytra og Ásahrepps** um rekstur frístunda- og sumarverkefna barna og unglinga og félagsmiðstöð, rekstur

gámaplans og umsjón með snjómokstri, umsjón og rekstur sameiginlegra íþróttamannvirkja, umsjón með fasteignagjöldum, sameiginlegum mannvirkjum og landi og fjallskilamálum á Holtamannaafrétti; **Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Rangárþings ytra** um bókhald og fjármálaumsýslu, fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum; **Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og Rangárþings ytra** um fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum; **Þjónustusamningur milli Odda bs. og Rangárþings ytra** um fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum; og **Þjónustusamningur milli Hjúkrunarheimilisins Lundar og Rangárþings ytra** sem var tímabundinn samningur um eftirlit með byggingaframkvæmdum á viðbyggingu. Þá voru eftirtaldir samstarfssamningar í gildi: **Samstarfssamningur um fjarskiptainnviði milli Rangárþings ytra og Ásahrepps** sem er samstarf um uppbyggingu ljósleiðarakerfis og **Samningur um Menningarhús á Hellu** sem er sameiginlegur samningur sveitarfélaganna við sóknarnefnd Oddakirkju um nýtingu hússins og rekstrarstyrk. Að auki komu sveitarfélögin sameiginlega að rekstri og uppbyggingu Lundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis ásamt ríkinu.

## Stjórn og starfsmenn

Eftirtalin hafa starfað að helstu samstarfsverkefnum sveitarfélaganna á árinu auk starfsmanna á skrifstofum, í skólum, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð.

***Samstarfsnefnd:*** Ágúst Sigurðsson, Þorgils T. Jónsson, Sólrún H. Guðmundsdóttir, Haraldur Eiríksson, Yngvi K. Jónsson, Margrét H. Guðsteinsdóttur, Sigdís Oddsdóttir, Egill Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttur, Karl Ölvisson og Brynja J. Jónasdóttir

***Stjórn Vatnsveitu bs***: Þorgils T. Jónsson formaður, Guðmundur Harðarson, Karl Ölvisson. Veitustjóri Bjarni J. Matthíasson.

***Stjórn Húsakynna bs***: Ingvar P. Guðbjörnsson formaður, Yngvi Karl Jónsson og Karl Ölvisson. Umsjónarmaður verkefnis Heimir Hafsteinsson.

***Stjórn Odda bs***: Þorgils T. Jónsson formaður, Egill Sigurðsson, Sólrún Helga Guðmundsdóttir og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir. Starfsmenn stjórnar: Ágúst Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir. Skólastjórar: Sigurjón Bjarnason *Laugalandsskóla;* Sigurgeir Guðmundsson *Grunnskólanum Hellu;* Sigrún B. Benediktsdóttir *Leikskólanum á Laugalandi* og Auður Erla Logadóttir *Leikskólanum Heklukoti.*

***Stjórn Lundar hjúkrunarheimilis***: Drífa Hjartardóttir formaður, Hjalti Tómasson, Margrét H. Guðsteinsdóttir og Elín Grétarsdóttir. Forstöðumaður Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

***Þjónustusamningar***: Þórhallur Svavarsson, Bjarni Jón Matthíasson, Heimir Hafsteinsson, Nanna Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Klara Viðarsdóttir.

**Viðaukar**

sjá: http://ry.is/efni/skipurit_og_skýrslur

1. Rammasamkomulag um samstarf sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra frá 15.12.2015.
2. Ársreikningur 2016 - Húsakynni bs.
3. Ársreikningur 2016 - Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
4. Ársreikningur 2016 – Oddi bs.

# RAMMASAMKOMULAG UM SAMSTARF SVEITARFÉLAGANNA ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

**Aðilar**

Aðilar að samkomulagi þessu eru sveitarfélögin Ásahreppur, kt. 430169-0339, Laugalandi 851 Hella og Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1, 850 Hella.

**Markmið**

Samkomulagið tekur til allra tvíhliða samstarfsverkefna sveitarfélaganna og verkefna þar sem ríkið er þriðji aðili. Tilgangur samkomulagsins er að skapa skýran ramma um samstarfið, auðvelda stjórnun verkefna og ákvarðanatöku og búa samstarfsverkefnum traustan og hagfelldan grunn. Markmiðið er að veita íbúum beggja sveitarfélaga eins góða þjónustu og frekast er unnt miðað við þá fjármuni sem veitt er í viðkomandi málaflokka.

**Verkefni**

Samstarfsverkefni Rangárþings ytra og Ásahrepps eru rekin innan vel skilgreindra byggðasamlaga, með þjónustusamningum eða samstarfssamningum eftir því sem hentar best í hverju tilviki og þannig að umgjörð og verklag við rekstur verkefnanna uppfylli lagaskilyrði um samstarf sveitarfélaga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna.

Eftirtalin byggðasamlög eru starfrækt:

***Húsakynni bs.***

Byggðasamlag um allar sameiginlegar fasteignir sveitarfélaganna.

***Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.***

Byggðasamlag um eignir og rekstur sameiginlegrar vatnsveitu sveitarfélaganna.

***Oddi bs.***

Deildaskipt byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, þ.e. Leikskólann Laugalandi, Heklukot Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskólann Hellu.

Byggðasamlögin starfa öll eftir staðfestum samþykktum (sjá viðhengi 1-3) eins og lög gera ráð fyrir og uppfylla lagaákvæði um byggðasamlög sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Eftirtaldir þjónustusamningar (sjá viðhengi 4-8) eru í gildi:

***Þjónustusamningur milli Rangárþings ytra og Ásahrepps***

Rekstur frístunda- og sumarverkefna barna og unglinga og félagsmiðstöð. Rekstur gámaplans og umsjón með snjómokstri. Umsjón og rekstur sameiginlegra íþróttamannvirkja. Umsjón með fasteignagjöldum, sameiginlegum mannvirkjum og landi og fjallskilamálum á Holtamannaafrétti.

***Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Rangárþings ytra***

Bókhald og fjármálaumsýsla, fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum.

***Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og Rangárþings ytra***

Fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum.

***Þjónustusamningur milli Odda bs. og Rangárþings ytra***

Fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum.

***Þjónustusamningur milli Hjúkrunarheimilisins Lundar og Rangárþings ytra***

Tímabundinn samningur um eftirlit með byggingaframkvæmdum á viðbyggingu.

Eftirtaldir samstarfssamningar (sjá viðhengi 9-10) eru í gildi:

***Samstarfssamningur um fjarskiptainnviði milli Rangárþings ytra og Ásahrepps***

Samstarf um uppbyggingu ljósleiðarakerfis.

***Samningur um Menningarhús á Hellu***

Sameiginlegur samningur sveitarfélaganna við sóknarnefnd Oddakirkju um nýtingu hússins og rekstrarstyrk.

Að auki koma sveitarfélögin sameiginlega að rekstri Lundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis ásamt ríkinu. Rekstrarformi þeirrar stofnunar verður ekki breytt að svo stöddu, enda ber ríkið lögum samkvæmt meginábyrgð á fjármögnun rekstrarins. Rekstrarformið verður tekið til skoðunar þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um fyrirhugaðan flutning ábyrgðar á þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga.

## Stjórnun og eftirlit

Samstarfsnefnd sveitarfélaganna er samsett úr fullskipuðum sveitarstjórnum beggja sveitarfélaganna.

Samstarfsnefndin fer með stjórnun samstarfsverkefna sveitarfélaganna nema kveðið sé á um annars konar fyrirkomulag stjórnunar í byggðasamlögum, þjónustusamningum eða samstarfssamningum. Jafnframt skal samstarfsnefndin hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa.

Samstarfsnefndin hittist á fundum eins oft og þurfa þykir og skal undirbúa sérstakan samráðsdag einu sinni á ári þar sem aðalfundir/ársfundir allra verkefna innan rammans eru haldnir. Þennan samráðsdag skal halda í maímánuði og er hann opinn öllum íbúum sveitarfélaganna. Samstarfsnefndin skal skila sameiginlegri ársskýrslu til beggja sveitarstjórna og skulu sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna annast undirbúning hennar.

**Gildistími og uppsagnarákvæði**

Samkomulagið tekur gildi þegar það hefur hlotið samþykki beggja sveitarstjórnanna og gildir ótímabundið, en er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara. Hvort sveitarfélag um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samkomulagið sé tekið til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar.

**Menningarhúsinu Hellu 15. desember 2015**

**Sveitarstjórn Ásahrepps**

**Sveitarstjórn Rangárþings ytra.**

**Listi yfir viðhengi með Rammasamkomulagi**

1. Samþykktir fyrir Húsakynni bs.
2. Samþykktir fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
3. Samþykktir fyrir Odda bs.
4. Þjónustusamningur milli Rangárþings ytra og Ásahrepps
5. Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Rangárþings ytra.
6. Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og Rangárþings ytra.
7. Þjónustusamningur milli Odda bs. og Rangárþings ytra.
8. Þjónustusamningur milli Hjúkrunarheimilisins Lundar og Rangárþings ytra.
9. Samstarfssamningur um fjarskiptainnviði milli Rangárþings ytra og Ásahrepps
10. Samningur um Menningarhús á Hellu

# Húsakynni bs.

## Ársreikningur 2016

Húsakynni bs.
Suðurlandsvegi 1
850 Hella
kt. 691200-4690

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar.... 3

Áritun óháðs endurskoðanda.... 4

Rekstrarreikningur.... 6

Efnahagsreikningur.... 7

Sjóðstreymisyfirlit.... 8

Skýringar.... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar

Húsakynni bs. er byggðasamlag og aðilar að því eru Rangárþing ytra og Ásahreppur.

Byggðasamlagið annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem sveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna. Jafnframt annast byggðasamlagið rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem eru í eigu byggðasamlagsins sjálfs. Í árslok 2016 voru fimm íbúðir í eigu byggðasamlagsins, en ein íbúð var seld á árinu.

Á árinu námu launagreiðslur byggðasamlagsins 363 þús. kr., auk 58 þús. kr. í launatengd gjöld.

Rekstrarniðurstaða byggðasamlagsins á árinu 2016 var jákvæð að fjárhæð 9,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok var neikvætt um 47,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn byggðasamlagsins staðfestir hér með ársreikning Húsakynna bs. fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Hellu, 30. mars 2017.

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Húsakynna bs.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Húsakynna bs. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð byggðasamlaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hellu, 30. mars 2017.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur árið 2016

| | Skýr. | 2016 | Áætlun 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Rekstrarframlag Rangárþings ytra | 10 | 10.589.289 | 9.378.685 | 0 |
| Rekstrarframlag Ásahrepps | 10 | 5.319.387 | 4.567.315 | 0 |
| Tekjur af eignum í umsýslu | 10 | 3.276.412 | 3.612.000 | 0 |
| Leigutekjur | | 10.556.016 | 11.190.000 | 9.087.969 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 12.617.411 | 0 | 10.925.449 |
| Aðrar tekjur | | 35.000 | 0 | 0 |
| | | 42.393.515 | 28.748.000 | 20.013.418 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 421.186 | 500.000 | 318.940 |
| Rekstrarkostnaður íbúða | 7 | 3.215.621 | 2.850.000 | 6.222.345 |
| Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu | 8 | 18.020.434 | 17.558.000 | 0 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 1.902.122 | 1.500.000 | 1.320.052 |
| Afskriftir | 2 | 1.688.364 | 2.483.000 | 1.975.712 |
| | | 25.247.727 | 24.891.000 | 9.837.049 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 17.145.788 | 3.857.000 | 10.176.369 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.228.428 | 1.200.000 | 1.379.799 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 475.646) | ( 240.000) | ( 229.967) |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 8.718.550) | ( 11.792.000) | ( 8.951.542) |
| | | ( 7.965.768) | ( 10.832.000) | ( 7.801.710) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | 4 | 9.180.020 | ( 6.975.000) | 2.374.659 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

## Eignir

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Íbúðir | | 50.544.300 | 61.115.253 |
| Fastafjármunir samtals | 2 | 50.544.300 | 61.115.253 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Óinnheimt framlög sveitarfélaga | 10 | 4.091.370 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 1.852.385 | 1.817.357 |
| Handbært fé | | 33.775.588 | 36.624.132 |
| Veltufjármunir samtals | | 39.719.343 | 38.441.489 |
| **Eignir samtals** | | 90.263.643 | 99.556.742 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | | ( 47.692.426) | ( 56.872.446) |
| Eigið fé samtals | 4 | ( 47.692.426) | ( 56.872.446) |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 5 | 134.172.864 | 150.121.149 |
| Langtímaskuldir samtals | | 134.172.864 | 150.121.149 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Næsta árs afborganir af langtímalánum | 5 | 2.228.660 | 2.171.626 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.554.545 | 4.136.413 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 3.783.205 | 6.308.039 |
| Skuldir samtals | | 137.956.069 | 156.429.188 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 90.263.643 | 99.556.742 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

| | Skýr. | 2016 | Áætlun 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 4 | 9.180.020 | ( 6.975.000) | 2.374.659 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir | 2 | 1.688.364 | 2.483.000 | 1.975.712 |
| Hagnaður af sölu eigna | | ( 12.617.411) | 0 | ( 10.925.449) |
| Verðbætur langtímalána | | 3.075.980 | 5.387.000 | 3.603.092 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 1.326.953 | 895.000 | ( 2.971.986) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | ( 4.126.398) | 0 | ( 298.380) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 2.581.868) | 0 | 1.955.100 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 6.708.266) | 0 | 1.656.720 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | ( 5.381.313) | 895.000 | ( 1.315.266) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Fjárfesting í landi | | 0 | ( 10.000.000) | 0 |
| Sala fasteigna | | 21.500.000 | 0 | 20.100.000 |
| Fjárfesting vegna eigna í umsýslu | 10 | ( 5.660.774) | 0 | 0 |
| Fjárfestingarframlag Rangárþings ytra | 10 | 3.806.871 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarframlag Ásahrepps | 10 | 1.853.903 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 21.500.000 | ( 10.000.000) | 20.100.000 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Afborganir langtímalána | | ( 18.967.231) | ( 2.389.000) | ( 19.039.315) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 18.967.231) | ( 2.389.000) | ( 19.039.315) |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 2.848.544) | ( 11.493.000) | ( 254.581) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 36.624.132 | 35.819.000 | 36.878.713 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 33.775.588 | 24.326.000 | 36.624.132 |

# Skýringar

**1. Reikningsskilaaðferðir**

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

c. Viðskiptakröfur eru færðar niður um 2,0 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift er að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kanna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

**2. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

| | **Íbúðir** |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2016 | 79.028.463 |
| Selt á árinu | ( 11.678.463) |
| Heildarverð 31.12.2016 | 67.350.000 |
| | |
| Afskrifað áður | 17.913.210 |
| Afskrift færð út | ( 2.795.874) |
| Afskrifað á árinu | 1.688.364 |
| Afskrifað samtals 31.12.2016 | 16.805.700 |
| | |
| Bókfært verð 31.12.2016 | 50.544.300 |
| | |
| Afskriftahlutföll | 2,5% |

**3. Fasteignamat og vátryggingaverð**

Fasteignamat fasteigna byggðasamlagsins nam 98,8 millj. kr. og fasteignamat lóða nam 11,7 millj. kr. í árslok 2016. Á sama tíma nam brunabótamat fasteignanna 215,6 millj. kr.

**4. Eigið fé**

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | **Samtals** |
|---|---|
| Staða 01.01.2016 | ( 56.872.446) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 9.180.020 |
| Staða 31.12.2016 | ( 47.692.426) |

## 5. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

| | 2016 |
|---|---|
| Íbúðalánasjóður, verðtryggð lán, vextir 3,5% - 4,9% | 136.401.524 |
| Næsta árs afborganir | ( 2.228.660) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi | 134.172.864 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2017 | 2.228.660 |
| Árið 2018 | 2.315.250 |
| Árið 2019 | 2.405.309 |
| Árið 2020 | 2.498.975 |
| Árið 2021 | 2.596.323 |
| Síðar | 124.357.007 |
| | 136.401.524 |

| | 2016 | Áætlun 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **6. Laun og launatengd gjöld** | | | |
| Stjórnarlaun | 363.153 | 500.000 | 214.048 |
| Ökutækjastyrkur | 0 | 0 | 65.286 |
| Launatengd gjöld | 58.033 | 0 | 39.606 |
| | 421.186 | 500.000 | 318.940 |
| **7. Rekstrarkostnaður íbúða** | | | |
| Vátryggingar | 524.871 | 600.000 | 610.901 |
| Viðhald húsnæðis | 1.202.801 | 1.200.000 | 4.125.277 |
| Húsaleiga | 0 | 0 | 40.000 |
| Rafmagn og hiti | 5.265 | 0 | 21.581 |
| Fasteignagjöld og lóðarleiga | 987.924 | 1.050.000 | 1.030.986 |
| Sölukostnaður eigna | 494.760 | 0 | 393.600 |
| | 3.215.621 | 2.850.000 | 6.222.345 |
| **8. Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu** | | | |
| Vátryggingar | 572.691 | 1.624.000 | 0 |
| Viðhald húsnæðis og lóðar | 16.722.082 | 15.685.000 | 0 |
| Fasteignagjöld | 0 | 118.000 | 0 |
| Gámaþjónusta, holræsahreinsun, snjómokstur | 363.026 | 131.000 | 0 |
| Verkfræðiþjónusta | 25.410 | 0 | 0 |
| Rafmagn | 310.865 | 0 | 0 |
| Auglýsingar | 24.180 | 0 | 0 |
| Kaffikostnaður | 2.180 | 0 | 0 |
| | 18.020.434 | 17.558.000 | 0 |

| | 2016 | Áætlun 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **9. Annar rekstrarkostnaður** | | | |
| Bókhaldsþjónusta | 1.115.000 | 1.150.000 | 856.299 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 557.613 | 300.000 | 314.550 |
| Lögfræðikostnaður | 0 | 0 | 100.000 |
| Aðkeypt vinna frá Rangárþingi ytra | 88.708 | 0 | 0 |
| Þjónustugjöld | 2.950 | 0 | 11.931 |
| Auglýsingar | 0 | 0 | 12.772 |
| Fundir og ráðstefnur | 0 | 0 | 12.000 |
| Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna | 137.851 | 0 | 0 |
| Annar kostnaður | 0 | 50.000 | 12.500 |
| | 1.902.122 | 1.500.000 | 1.320.052 |

## 10. Rekstur og fjárfesting vegna eigna í umsýslu

Byggðasamlagið annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem aðildarsveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna. Sveitarfélögin greiða framlög til byggðasamlagsins í samræmi við eignarhlut þeirra í viðkomandi eigum, en framlögin mæta kostnaði við rekstur og fjárfestingu vegna eignanna að teknu tilliti til tekna af útleigu.

| Yfirlit um rekstur eigna í umsýslu: | Rangárþing ytra | Ásahreppur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu | 12.009.446 | 6.010.988 | 18.020.434 |
| Þátttaka í sameiginlegum rekstrarkostnaði | 783.230 | 381.424 | 1.164.654 |
| Tekjur af eignum í umsýslu | ( 2.203.387) | ( 1.073.025) | ( 3.276.412) |
| | 10.589.289 | 5.319.387 | 15.908.676 |
| **Yfirlit um fjárfestingu vegna eigna í umsýslu:** | | | |
| Grunnskóli | 1.239.227 | 603.490 | 1.842.717 |
| Leikskóli | 504.375 | 245.625 | 750.000 |
| Sundlaug | 605.184 | 294.178 | 899.902 |
| Gatnakerfi | 1.458.085 | 710.070 | 2.168.155 |
| | 3.806.871 | 1.853.363 | 5.660.774 |
| **Yfirlit um framlög aðildarsveitarfélaganna:** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 0 | 0 | 0 |
| Rekstrarframlög vegna eigna í umsýslu | 10.589.289 | 5.319.387 | 15.908.676 |
| Fjárfestingarframlag vegna eigna í umsýslu | 3.806.871 | 1.853.903 | 5.660.774 |
| Innborganir á árinu | ( 11.658.080) | ( 5.820.000) | ( 17.478.080) |
| Staða í árslok | 2.738.080 | 1.353.290 | 4.091.370 |

# Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

## Ársreikningur 2016

Vatnsveita Rangárþings ytra
og Ásahrepps bs.

kt. 480506-0490

# Efnisyfirlit


Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar

Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. er byggðasamlag um rekstur sameiginlegrar vatnsveitu í sveitarfélögunum. Eignarhlutur Rangárþings ytra er 81,76% og Ásahrepps 18,24%

Enginn fastur starfsmaður er hjá veitunni, en keypt er þjónusta af sveitarfélögunum vegna umsjónar og reksturs.

